



## 395. Stjórnarfundur haldinn 6. sept. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SV) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá Sigurði Guðmundssyni landsfulltrúa UMFÍ v/ „*Hættu að hanga, komdu að hjóla, synda eða ganga*“

Bréf frá ÍSÍ v/ Ólympíuvikunnar 16.-23. Júní 2012 á 100 ára afmæli ÍSÍ.

Gögn frá vorkundi UMFÍ 5. maí 2012 Selfossi (fundagerð og fyrirlestrar).

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar sambandsaðila að halda Landsmót UMFÍ 50+.

Bréf frá ÍSÍ v/ breytinga á lögum Keflavíkur. ***Engar athugasemdir gerðar og lög Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags staðfest.***

Bréf frá ÍSÍ v/ samnings við Flugfélag Íslands um verð á flugi.

Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á 38. Sambandsráðsfund UMFÍ 13. október.

### 3. Send bréf.

Bréf sent á stjórn fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ v/ styrks sem Keflavík hlaut úr sjóðnum.

### 4. Námskeið.

Ákveðið að halda skyndihjálpanámskeið í október fyrir þjálfara deilda. Framkvæmdastóra falið að kanna með að halda annan fyrirlestur fyrir börn með sérþarfir.

### 5. Heimasíða.

Ný heimasíða fór í loftið í byrjun júlí.

### 6. Ársþing ÍRB.

Ársþing ÍRB var haldið 4. júní kl. 20:00 í Íþróttakademíunni. Keflavík var með fullskipað lið eða 10 þingfulltrúa og tvo varamenn. Jóhann B. Magnússon var endurkjörinn sem formaður. Kári Gunnlaugsson er varaformaður.

### 7. Félagsheimili Keflavíkur.

Umræður um ræstingu, aðgang og annað það sem snýr að félagsheimilinu. ***EH, SA og BS skipuð í nefnd sem fundar með Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni hússins og Stefáni Bjarkasyni sviðstjóra íþrótt- og tómstundasviðs RNB til að fara yfir þessi mál.***

### 8. Fjölskyldan á fjallið.

Umræður um gönguferð félagsins. ***Ákveðið að setja á Keflavíkurgöngu á Keili laugardaginn 15. Sept. Kl. 13:00 og fá Rannveigu Garðarsdóttur til að leiða hópinn. Auglýsa þetta vel innan félagsins. Framkvæmdastjórar falið að koma þessu á.***

### 9. Ulm 2012 á Selfossi.

Unglingalandsmótið á Selfossi 2012 tókst vel. Nýtt met í þátttakandafjölda frá félaginu





eða 112 þátttakendur, en Keflavík var með stærsta hópinn fyrir utan mótshaldarana HSK. Farastjóri var Ólafur Ásmundsson og stóð hann sig með stakri þryði. Keflavík var svo útnefnt fyrirmyndarfélag mótsins. Aðalstjórn þakkar unglíngalandsmótsnefndinni fyrir vel unnin störf þó einkum Ólafi Ásmundssyni sem bar hitann og þungann á þessu. Hafðu þökk fyrir Ólafur.

## 10. Fundir með deildum.

Eftir á að funda með badminton-, sund- og skotdeild. **Ákveðið að funda með skot- og sunddeild í næstu viku. Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi.**

## 11. 38. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

38. Sambandsráðsfundur UMFÍ verður haldinn 13. október á Hótel Klaustri. EH verður fulltrúi Keflavíkur á þeim fundi. Veitt heimild til að taka bílaleigubíl til ferðarinnar. Athuga með formenn UMFN, UMFÞ og UMFG um að vera í samfloti til að deila kostnaði.

## 12. Önnur mál.

EH lagði til að sótt væri um styrk í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ til að setja Landsmót UMFÍ 1984 yfir á dvd-disk sem verður til sýningar á Ljósnottt 2013. Viðar Oddgeirsson sér um þessa vinnu. **Ákveðið að sækja um styrk og framkvæmdastjóra falið að senda inn umsókn.**

Leigusamningur við Fjölbrautaskóla Suðurnesja v/ sal-1 liggur frammi.

Leigusamningur við Guðbjörgu Jónsdóttir v/ Hringbrautar 108 liggur frammi.

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar verður 29.sept. Formanni og frú hefur verið boðið.

Stuðningsmannakort körfunnar. **Ákveðið að taka kort og framkvæmdastjóra falið málið.**

Formannafundur féлага og deilda innan ÍRB haldinn af ÍT 29. Sept. **EH mætir.**

Jólablað Keflavíkur (opnuviðtal?). Stjórnarmenn ath. með nöfn.

Myndataka stjórnar. **Ákveðið að taka mynd af stjórninni. Framkvæmdastjóra falið málið.**

BS ræddi um útlitið á Hringbraut 108 sem er að verða þreytt og það væri komin tími til að mála húsið og færði félaginu gjöf frá sér og eiginmanni sínum, Bjarna F. Jóhannessyni, sem er málning á húsið. Aðalstjórn þakkar þeim hjónum fyrir höfðinglega gjöf og biður BS að færa Bjarna þakkir frá aðalstjórn.

Aðalstjórn fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið í b-sal íþróttahússins á Sunnubraut en þessar breytinga eiga eftir að gerbreyta aðstöðu til íþróttar íðkunnar.

**Framkvæmdastjóra falið að senda þakkarbréf til íþróttar- og tómstundaráðs RNB.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði EH

